



40. samráðsfundur aðgerðastjórnar Sveitarfélagsins Voga, 7. apríl 2021

Þátttakendur

Daníel Arason staðgengill bæjarstjóra, Vignir Friðbjörnsson forstöðumaður umhverfis og eigna og Héðinn Ólafsson forstöðumaður íþróttamannvirkja.

Fundargerð ritaði Daníel Arason.

Staðan almennt

Íþróttamiðstöðin

Fyrir fundinum liggur erindi frá Þrótti þar sem farið er fram á að ákveðnar æfingar barna og fullorðinna verði heimilaðar með ákveðnum skilyrðum sem tíunduð eru í tölvupósti. Gildandi reglugerð kveður á um að íþróttaiðkun barna og fullorðinna sem krefst meiri nálægðar en 2 metra sé óheimil vegna hættu á snertismiti vegna sameiginlegs búnaðar. Það þýðir að æfingar þar sem ekki er notaður sameiginlegur búnaður og nálægð milli manna séu að minnsta kosti tveir metrar séu heimilar, að mati Þróttar.

Fyrir liggur að önnur sveitarfélög hafa gefið leyfi fyrir æfingum samkvæmt þessum reglum, m.a. Grindavík og Garðabær.

Þróttur hefur sent inn erindi um þessa túlkun á reglugerðinni til heilbrigðisráðuneytisins og vill aðgerðastjórn bíða eftir svari frá ráðuneytinu um hvort þetta er heimilt. Sé það svar jákvætt þá setur aðgerðastjórn sig ekki upp á móti því að þær æfingar sem koma fram í beiðni Þróttar fari fram í íþróttahúsinu en um er að ræða æfingar í meistaraflokki karla í knattspyrnu, meistaraflokki í körfuknattleik og meistaraflokki í blaki. Auk þessa er farið fram á að leyfðar verði æfingar í ýmsum flokkum barna.

Aðgerðastjórn áréttar að æfingar skulu fara fram samkvæmt ströngustu sóttvarnar- og nándarreglum og brot á þeim varða brottrekstur úr íþróttahúsi að undangenginni aðvörun.